

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	22/9 2014
Málsnr:	1401098
Bréfsl:	Y66.2

## STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2014, mánudaginn 8. september var haldinn 338. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Höfðatorgi, Tindastöðum og hófst kl. 09:10.  
Mættir: Eva Einarsdóttir Reykjavík, Björg Fenger Garðabæ, Anný Berglind Thorstensen  
Kópavogi og Guðmundur Magnússon Seltjarnarnesi.  
Jafnframt: Andrés B. Andreasen fjármálastjóri ÍTR, Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf Reykjavíkurborgar dags. 26. júní sl. þar sem fram kemur að Eva Einarsdóttir verði fulltrúi Reykjavíkurborgar í SHB.
2. Lagt fram bréf Hafnarfjarðarbæjar dags. 26. júní sl. þar sem fram kemur að Pétur Óskarsson verði fulltrúi Hafnarfjarðar í SHB.
3. Lagt fram bréf Kópavogsbaejar dags. 30. júní sl. þar sem fram kemur að Anný Berglind Thorstensen verði fulltrúi Kópavogsbaejar í SHB.  
Jafnframt lagt fram bréf Kópavogsbaejar dags. 18. júlí sl. þar sem fram kemur að Ármann Kr. Ólafsson verði varamaður í SHB.
4. Kjör formanns. Samþykkt að Eva Einarsdóttir fulltrúi Reykjavíkur verði formaður.  
kl. 09:15 kom Pétur Óskarsson fulltrúi Hafnarfjarðar á fundinn.
5. Lagt fram sex mánaða uppgjör skíðasvæðanna. Fjármálasatjóri og framkvæmdastjóri útskýrðu uppgjörið og kynntu starfsemina.
6. Lagt fram yfirlit um framkvæmdir árið 2014. Nýr troðari keyptur, miðasölukerfi í Skálafelli hefur verið sett upp, skemma staekkuð í Bláfjöllum, landgræðsla hélt áfram, viðhald skíðaleigubúnaðar, markhús í Kóngsgili er í byggingu og snjósleði endurnýjaður.  
kl. 09:40 kom Kolbrún G. Þorsteinsdóttir Mosfellsbæ á fundinn.
7. Lögð fram drög að framkvæmdaáætlun fyrir árin 2015 og 2016.
8. Lögð fram drög að rekstraráætlun 2015.
8. Lögð fram gjaldskrá 2014-2015.  
Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 10:40.

Eva Einarsdóttir

Björg Fenger  
Guðmundur Magnússon  
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir

Anný Berglind Thorstensen  
Pétur Óskarsson